



## Ársreikningur 2017

Fimleikadeild



# Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna .....	1
Áritun stjórnar .....	2
Skýrsla stjórnar .....	3
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymi .....	9
Skýringar .....	10




# Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning fimleikadeildar Gróttu fyrir árið 2017. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glöggja mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2017 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn fimleikadeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning deildarinnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018

  
Rögnvaldur Dofri Pétursson

  
Bjarni Torfi Álfþórsson



# Áritun stjórnar


Stjórn fimleikadeilda Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018

Maria B. Magnúsdóttir  
Maria Björg Magnúsdóttir

  
Elísabet Holt

  
Guðjón Rúnarsson

  
Hrefna Thoroddsen

  
Anna Jónsdóttir

  
Jóhanna Sigmundsdóttir



# Skýrsla stjórnar Fimleikadeild Gróttu 2017

Nokkrar breytingar urðu á stjórn fimleikadeildarinnar á síðasta aðalfundi. Sigurður Örn Jónsson, Harpa Hlíf Bárðardóttir og Þóra Guðrún Jónsdóttir gengu úr stjórn, Ella Holt og María Björg Magnúsdóttir sátu áfram. Nýja stjórn skipuðu María Björg Magnúsdóttir formaður, Guðjón Rúnarsson varaformaður, Ella Holt gjaldkeri, Hrefna Thoroddssen ritari og Jóhanna Sigmundsdóttir meðstjórnandi. Anna Jónsdóttir sat áfram sem varamaður. Stjórnarfundir voru haldnir minnst einu sinni í mánuði að júlí undanskildnum. Vel var haldið utan um fundargerðir og hefur samstarf stjórnarinnar verið til fyrirmynðar.

## Starfsemi deildarinnar

Ólöf Línberg Kristjánsdóttir hefur gengt starfi framkvæmdastjóra deildarinnar í 75% starfshlutfalli ásamt því að vera yfirþjálfari grunnhópa. Fanney Magnsúsdóttir var ráðin yfirþjálfari hópfimleika og Sesselja Hannele Jarvela yfirþjálfari framhaldshópa í áhaldafimleikum. Ágætlega hefur gengið að manna þjálfarastöður með íslenskum þjálfurum og bættust tveir reynslumíklir þjálfarar í hópinn í ágúst, Axel Bragason og Ragnheiður Eva Kristinsdóttir. Berglind Pétursdóttir hefur einnig komið að þjálfun og ráðgjöf í vetur og er það mikill fengur fyrir deildina. Philip Zak hefur haldið áfram að koma tvisvar sinnum yfir veturinn sem ráðgjafi og þjálfari. Á haustönn 2017 störfuðu 41 þjálfari hjá fimleikadeildinni, 22 aðalþjálfarar og 19 aðstoðarþjálfarar. Iðkendur í lok árs 2017 voru rétt tæplega 500. Starfið í salnum er þaumskipulagt og áhaldatrafli sett upp að hausti sem þjálfarar fylgja fast eftir.

## Húsnaðismál

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda flutti fimleikadadeildin starfsemi sína í litla íþróttasalinn í lok ágúst 2017. Þótti ráðlagt að gera þessar breytingar strax að hausti til þess að raska sem minnst skipulagi vetrarins hjá öllum deildum félagsins og starfi grunnskólans. Búist var við því að framkvæmdir hæfust í október.

Litli salurinn nýtist ágætlega ásamt gryfjUNNI. Æfingatínum nokkurra hópa var fækkað og stubbafimin færð yfir á sunnudagsmorgna vegna plássleysis. Þeir iðkendur sem lengst eru komnir fengu að fara í Ármann og Fjölni til þess að æfa stökk. Hópfimleikahópar hafa farið nokkrum sinnum í Aftureldingu til að æfa. Ólöf Línberg Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri deildarinnar hefur haldið utan um og setið fundi varðandi byggingaframkvæmdir sem fulltrúi deildarinnar.

Nú á vormánuðum mun gryfjan hverfa. Við það minnkari til muna það svæði sem fimleikadeildin hefur til umráða. Gryfjan er mikilvæg æfingaaðstaða á undirbúningstímabilinu í summar og munu þeir iðkendur sem lengst eru komnir þurfa að leita í önnur fimleikahús þar til nýr fimleikasalur verður tekinn í notkun. Er það von stjórnar og þeirra sem standa að starfi fimleikadeildarinnar að framkvæmdir gangi hratt og örugglega fyrir sig svo hægt verði að hefja æfingar sem allra fyrst í nýjum fimleikasal og sameina iðkendur og þjálfara deildarinnar á ný.

## Almennt

Mikil gleði og tilhlökkun ríkir yfir þeirri staðreynd að nú styttist í að nýtt og betrumbætt íþróttaaðstaða á Seltjarnarnesi verði tekin í notkun. Aðstaða til fimleikaiðkunar mun batna til muna í þeim greinum sem deildin býður upp á nú þegar. Það eru því spennandi tímar framundan. Það er von aðstandenda fimleikadeildarinnar að með bættri aðstöðu verði hægt að leggja enn meiri metnað í starf deildarinnar iðkendum og þjálfurum til heilla.

Það er þó þannig að við bygginguna er Grótta bundin af deiliskipulagi svæðisins. Salurinn er ekki nægilega stór svo hægt sé að bjóða upp á allar greinar fimleika á keppnisgrundvelli. Fimleikadeildin býður upp á grunnfimleika fyrir stúlkur og drengi frá þriggja ára aldri, áhaldafimleika fyrir stúlkur frá níu ára aldri ásamt hópfimleikum og stökkfimi fyrir drengi og stúlkur frá níu ára aldri. Stjórn fimleikadeildarinnar hefur setið fundi með forsvarsmönnum Ármanns vegna samstarfs um áhaldafimleika karla. Með nýja húsinu verður meðal annars hægt að bjóða upp á frábæra aðstöðu fyrir hópfimleika, sem hafa verið vaxandi grein innan fimleikanna undanfarin misseri. Þannig býðst bæði stúlkum og drengjum spennandi kostur til íþróttaiðunar. Veturinn 2017 hófst undirbúningur að því að stofna hópfimleikahóp fyrir stúlkur 13 ára og eldri sem vonandi keppa fyrir hönd félagsins fljótlega.

Eitt af því sem fimleikadeildin þarf að leggja áherslu á er að hækka meðalaldur iökenda hjá deildinni. Það er mikilvægt bæði upp á forvarnargildi og fyrirmynndir í salnum en einnig til þess að þjálfa upp dómara og þjálfara til framtíðar.

Með nýbygggingunni opnast einnig tækifæri til koma fram með ýmsar nýjungar. Áhugi er fyrir því að bjóða upp á fimleika fyrir fullorðna, aldraða og fatlaða ásamt styrktarnámskeiðum fyrir börn í boltaíþróttum. Einig hefur verið rætt að bæta inn Parkour-námskeiði. Parkour er jaðaríþrótt sem notið hefur mikilla vinælda hér á landi unanfarin ár. Stjórn og forsvarsmenn fimleikadeildarinnar hafa þegar hafið vinnu við að skipuleggja og kortleggja starfið til framtíðar í nýjum fimleikasal. Undanfarin misseri hefur Fimleikasamband Íslands lagt áherslu á hugmyndina um fimleika fyrir alla og vonumst við til þess að geta tekið enn meiri þátt í því starfi á komandi árum.

### Fimleikamót, sýningar og æfingabúðir

Stjórn fimleikadeildarinnar hélt árlegt Hello Kitty fimleikamót í janúar. Mótið var eins og áður haldið í samstarfi við HB heildverslun og fimleikavorur.is og er orðið fastur liður í rekstri fimleikadeildarinnar í janúar ár hvert. Ungir fimleikaiðkendur mæta til leiks, bæði frá Gróttu en einnig frá öðrum fimleikafélögum. Vonir standa til að hægt verði að halda fleiri og stærri fimleikamót með tilkomu nýja fimleikahússins. Sesselja Jarvela hélt utan um og skipulagði mótið eins og undanfarin ár og kunnum við henni bestu þakkir fyrir. Einig þökkum við samstarfsaðilum okkar fyrir veittan stuðning.

Fimleikadeildin tók fullan þátt í 50 ára afmælishátíð Gróttu í apríl 2017. Deildin bauð upp á glæsilegt fimleikaatriði á hátíðardagskránni þann 24. apríl. Stjórn fimleikadeildarinnar sá einnig um skreytingar og uppsetningu á félagsheimilinu fyrir hátíðarkvöldverð ásamt því að sinna ýmsum öðrum stöfum í kringum afmælið.

Innanfélagsmót var haldið fyrir yngstu iökendur deildarinnar í lok apríl 2017. Þeir iökendur sem ekki höfðu keppt á móturnum á vegum FSÍ sýndu þá listir sínar fyrir fullum sal áhorfenda. Einig var boðið upp á opnar jólaæfingar þar sem foreldrar sátu í stúkunni og fylgdust með yngstu iökendunum á æfingum. Ekki var hægt að halda sameiginlega vetrarsýningu í nóvember eins og oft hefur verið gert vegna aðstæðna.

Eftir keppnistímabilið 2016-2017 náðu rúmlega 30 áhaldafimleikastúlkur sínu þepi á fimleikamótum á vegum FSÍ. Aldrei hafa fleiri iökendur náð svo góðum árangri hjá féluginu. Þetta kallar á aukinn æfingatíma hjá fleiri iökendum og fleiri þjálfaragildi.

Þess má geta að 23 stúlkur héldu í æfingaferð til Woodward í Bandaríkjunum þann 10. – 17. júní ásamt fjórum þjálfurum. Æfðu stúlkurnar við bestu aðstæður og sátu þjálfararnir þjálfaranámskeið hjá færustu þjálfurum Bandaríkjanna. Í október kepptu átta stúlkur á Malarcupen í Svíþjóðar. Tveir þjálfarar fylgdu hópnum eftir. Fjölgun var í hópfimleika- og stökkfimihópum á tímbalinu og mynduðust biðlistar líkt og í áhaldafimleikum. Við finnum fyrir auknum áhuga á þessari grein fimleikanna. Grótta átti í fyrsta sinn keppendur í drengjaflokki á stökkfimimóti síðastliðið haust þegar þrír drengir kepptu á Haustmóti FSÍ á Akranesi. Er það mikið gleðiefni fyrir félagið. Þær Fjóla Guðrún Viðarsdóttir, Laufey Birna Jóhannsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir voru valdar í æfingahóp FSÍ fyrir Norðurlandamót unglinga. Í lok árs 2017 voru Laufey Jóhannsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir valdar í úrvalshóp FSÍ og verða einstaklingar úr hópnum valdir til að keppa á Norðurlandamóti og Evrópumóti sumarið 2018 fyrir hönd Íslands. Sóley Guðmundsdóttir var kjörin íþróttamaður æskunnar hjá Gróttu árið 2017.

Nánari útlistun á árangri ársins má finna í Viðauka.

## Fjárhagur

Rekstartekjur fimleikdadeildarinnar hækkuðu um 10% og rekstargjöld hækkuðu um 9,5% á milli ára. Gjaldskrá fimleikadeildar var yfirfarin og endurbætt að hausti 2017 og voru æfingagjöld hækkuð um 7-9%. Almennar launahækkanir voru 4,5%

Rekstartekjur voru kr 68.242.705

Rekstargjöld voru kr 68.633.682

Tap án fjármagnsliða kr 390.977

Tap tímabilsins kr 332.860

## Að lokum

Stjórn Fimleikadeilda Gróttu þakkar öllum þeim sem komið hafa að starfi deildarinnar á einn eða annan hátt, kærlega fyrir samstarfið. Foreldrar og aðrir sjálfboðaliðar eru ómissandi þáttur í starfi deildarinnar. Ólöfu Línberg Kristjánssdóttur færum við sérstakar þakkar fyrir gott samstarf. Við þökkum Kristínu Finnbogadóttur fyrir að vera óþrjóandi viskubrunnur sem ávallt er hægt að leita til. Kára Garðarssyni færum við einnig þakkar fyrir gott samstarf og þolinmæði gangvart deildinni og fyrir að leiða samstarf vegna húsnæðis- og byggingamála. Að lokum vill fimleikadeildin þakka Ásgerði Halldórsdóttur og Magnúsi Erni Guðmundssyni fyrir frábært samstarf við bæinn.

Fyrir hönd stjórnar fimleikadeilda Gróttu

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018

**María Björg Magnúsdóttir**  
formaður fimleikadeilda Gróttu

## **Viðauki**

### **Íslandsmót í áhaldafimleikum 2017**

Sóley Guðmundsdóttir varð í 4. sæti í fjölþraut í unglingsflokki og komst í úrslit á tvíslá, slá og gólf. Sóley varð Íslandsmeistari unglina á slá. Fjóla Guðrún Viðarsdóttir varð í 7. sæti í fjölþraut í unglingsflokki og komst í úrslit á stökki og slá. Laufey Birna Jóhannsdóttir varð í 11. sæti í fjölþraut í unglingsflokki. Nanna Guðmundsdóttir var 0,1 stigi frá því að komast í úrslit á slá í fullorðinsflokki.

### **Meistaramót FSÍ 2017**

Ragnheiður Vala Höskuldsdóttir keppti í stúlknaflokk og varð í 3. sæti á gólf. Fjóla Guðrún Viðarsdóttir, Hildur Arnaldsdóttir, Katrín Aradóttir, Laufey Birna Jóhannsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir kepptu í unglingsflokki. Laufey Birna varð í 4. sæti í fjölþraut og í 3. sæti á tvíslá.

### **Landsliðsverkefni 2017:**

Fjóla Guðrún Viðarsdóttir, Laufey Birna Jóhannsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir voru valdar í æfingahóp fyrir Norðurlandamót unglings.

### **Haustmót FSÍ 2017**

Gróttu varð í þriðja sæti í liðakeppni í 5. þepi 10-11 ára. Í liðinu voru þær Elísabet María Hafstein, Katla Guðmundsdóttir og Rannveig Ethel Gunnarsdóttir.

Gróttu varð í þriðja sæti í liðakeppni í 4. þepi 10 ára og yngri. Í liðinu voru þær Emilía Halldórsdóttir, Freyja Geirsdóttir, Isabel Aðalheiður Welling, Ísól Aradóttir, Linda Ýr Guðrúnardóttir, Lísbet Freyja Ýmisdóttir, Lovísa Anna Jóhannsdóttir, Ragnhildur E. Gottskálksdóttir, Svanhildur Sunna Gunnarsdóttir.

Hildur Þurí Indriðadóttir varð í 3. sæti í fjölþraut í 3. þepi 10 ára.

Sif varð í 5. sæti í fjölþraut og 2. sæti á tvíslá í 3. þepi 10 ára.

Saga Þórssdóttir varð í 6. sæti í fjölþraut í 3. þepi 11 ára.

Magrét Lára Jónsdóttir varð í 3. sæti í fjölþraut og í 1. sæti á gólf og 2. sæti á tvíslá í 3. þepi 12 ára.

Ragnheiður Vala Höskuldsdóttir varð í 1. sæti á slá í 2. þepi 12 ára og yngri.

Hildur Arnaldsdóttir varð í 1. sæti á stökki og 2. sæti á tvíslá í 2. þepi 13 ára og eldri.

Karólína Snót Georgsdóttir varð í 2. sæti á slá í 2. þepi 13 ára og eldri.

### **Mälarcupen 2017**

Átta Gróttustúlkur tóku þátt í alþjóðlegu móti í Stokkhólmi í nóvember. Lilja Hugrún Pétursdóttir og Ragnheiður Vala Höskuldsdóttir kepptu í stúlknaflokk (12 ára og yngri). Fjóla Guðrún Viðarsdóttir, Helena Sólrún Oddsdóttir Holt, Hildur Arnaldsdóttir, Katrín Aradóttir, Karólína Snót Georgsdóttir, Laufey Birna Jóhannsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir kepptu í unglingsflokki. Alls var 61 keppandi í unglingsflokki þar sem að Sóley náði bestum árangri okkar stúlkna og varð í 19. sæti, Laufey varð í 25. sæti og Fjóla Guðrún í 29. sæti.

### **Úrvalshópar FSÍ veturnn 2017-1018.**

Laufey Birna Jóhannsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir voru valdar í úrvalshóp unglings.



# Rekstrarreikningur 2017

Rekstrartekjur	Skýr.	2017	2016
Framlög og styrkir .....	3	21.739.823	18.198.558
Aðrar tekjur .....	4	<u>46.502.882</u>	<u>43.693.480</u>
		<u>68.242.705</u>	<u>61.892.038</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld .....	5	28.564.245	24.884.123
Verktakagreiðslur þjálfara .....		20.614.494	16.602.848
Kostnaður v/erlendra þjálfara .....		0	4.492.898
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir) .....		8.900.000	8.900.000
Áhöld, taeki og búnaður .....		3.979.945	889.065
Þátttaka og kostnaður vegna móta .....		2.500.105	1.957.705
Annar kostnaður .....	6	<u>4.074.893</u>	<u>4.954.100</u>
		<u>68.633.682</u>	<u>62.680.739</u>
Rekstrartap		(390.977)	(788.701)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur .....		65.541	82.816
Vaxtagjöld .....		<u>(7.424)</u>	<u>(8.782)</u>
		<u>58.117</u>	<u>74.034</u>
Tap ársins		<u>(332.860)</u>	<u>(714.667)</u>



# Efnahagsreikningur 31/12 2017

## Eignir

	Skýr.	2017	2016
<b>Veltufjármunir</b>			
Skammtímakröfur .....		6.566.914	4.337.143
Handbært fé .....		1.197.072	241.469
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>7.763.986</b>	<b>4.578.612</b>

**Eignir samtals** 7.763.986 4.578.612

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2017	2016
<b>Eigið fé</b>			
Upp safnað eigið fé frá fyrra ári .....		2.560.784	3.275.451
Hagnaður (Tap) ársins .....		(332.860)	(714.667)
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>7</b>	<b>2.227.924</b>	<b>2.560.784</b>

## Skuldir

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		<u>5.536.062</u>	<u>2.017.828</u>
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b><u>5.536.062</u></b>	<b><u>2.017.828</u></b>
<b>Skuldir samtals</b>		<b><u>5.536.062</u></b>	<b><u>2.017.828</u></b>

**Eigið fé og skuldir samtals** 7.763.986 4.578.612



## Sjóðstreymi 2017

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2017	2016
Hagnaður (Tap) ársins .....		(332.860)	(714.667)
	Hreint veltufé til rekstrar	(332.860)	(714.667)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur .....		(2.229.771)	(798.595)
Skammtímaskuldir .....		3.518.234	502.872
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		1.288.463	(295.723)
	Handbært fé (til) frá rekstri	955.603	(1.010.390)
Hækjun (lækkun) á handbæru fé .....		955.603	(1.010.390)
Handbært fé í ársbyrjun .....		241.469	1.251.859
Handbært fé í árslok .....		1.197.072	241.469



# Skýringar

## 1. Upplýsingar um félagið

Fimleikadeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

### Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## 3. Framlög og styrkir

	2017	2016
Húsaleigustyrkir .....	8.900.000	8.900.000
Rekstrarstyrkur .....	10.084.800	7.988.300
Ýmis fyrirtæki .....	0	0
Aðrir styrkir og tekjur .....	<u>2.755.023</u>	<u>1.310.258</u>
	<u>21.739.823</u>	<u>18.198.558</u>

## 4. Aðrar tekjur

	2017	2016
Æfingagjöld .....	43.886.583	41.703.522
Tekjur af mónum o.fl. .....	2.616.299	1.989.958
	<u>46.502.882</u>	<u>43.693.480</u>



# Skýringar

## 5. Laun og launatengd gjöld

	2017	2016
Laun .....	23.464.000	20.429.285
Launatengd gjöld .....	5.100.245	4.454.838
	<u>28.564.245</u>	<u>24.884.123</u>

## 6. Annar kostnaður

	2017	2016
Rekstur skrifstofu .....	1.656.143	1.963.324
Annar kostnaður .....	2.418.750	2.990.776
	<u>4.074.893</u>	<u>4.954.100</u>

## 7. Eigið fé

	Uppsafnað frá fyrra ári	Tap ársins	Samtals
Eigið fé 1/1 .....	3.275.451	(714.667)	2.560.784
Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé .....	(714.667)	714.667	0
Afkoma ársins .....		(332.860)	(332.860)
Eigið fé 31/12 .....	<u>2.560.784</u>	<u>(332.860)</u>	<u>2.227.924</u>